



handbók
FORELDRARÁÐA FRAMHALDSSKÓLA

Maí 2010

© Heimili og skóli 2010

Hlutverk Heimilis og skóla er að hvetja til og styðja við jákvætt og öflugt samstarf heimila og leik-, grunn- og framhaldsskóla. Styðja foreldra í uppeldishlutverki sínu og veita þeim stuðning til virkra þátttöku í skólastarfi. Efla starf foreldraráða, skólaráða og foreldrafélaga í leik-, grunn- og framhaldsskóla. Stuðla að stofnun og uppbyggingu svæðasamtaka á landsvísu til að efla samtakamátt foreldra og borgaralýðræði.

Niðurstöður rannsókna sýna að samskipti foreldra og skóla hafa jákvæð áhrif á skólastarf. Ávinningur samstarfs er meðal annars:

- *Betri líðan barna í skólanum*
- *Aukinn áhugi og bættur námsárangur*
- *Aukið sjálfstraust nemenda*
- *Betri ástundun og minna brottfall*
- *Jákvæðara viðhorf foreldra og nemenda til skólans*
- *Aukinn samtakamáttur foreldra í uppeldis og menntunarhlutverkinu*

Það er von okkar að handbók þessi nýtist foreldraráðum, skólaráðum, foreldrafélögum og skólastjórnendum við að skipuleggja og efla samstarf heimilis og skóla. Mikilvægt er að allir sem koma að skólasamfélaginu leggi sitt af mörkum þannig að öllum nemendum líði vel í skólanum. Það þarf heilt þorp til að ala upp barn.

Reykjavík, apríl 2010

Stjórn og starfsfólk Heimilis og skóla

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
Almennt um samstarf heimila og skóla	6
Inngangur	11
1.1 Markmið.....	11
1.2 Leiðir.....	11
2 Markmið og skipulag foreldraráðs framhaldsskóla	12
2.1 Almenn markmið	12
2.2 Almennt um stjórn	13
2.3 Lög foreldraráðs skólans.....	13
2.4 Starfsreglur og verksvið	15
2.5 Markmið foreldraráðs skólaárið 2009-2010	18
2.6 Nefndir á vegum foreldraráðs.....	18
2.7 Fjármál	19
2.8 Samráðsfundir innan skólans.....	19
3 Fræðsla og kynningar	20
3.1 Kynning fyrir stjórnarfólk.....	20
3.2 Kynning fyrir foreldra	20
3.3. Fræðsla og forvarnir.....	20
3.4. Félagsstarf.....	21
4 Kynningamál	22
4.1 Fundargerðir.....	22
4.2 Heimasíða	22
4.3 Starfsáætlun	22
4.4 Tengsl við fjölmiðla.....	25
5 Upplýsingar um símanúmer og netföng.....	26
6 Viðaukar	27
6.1 Erindisbréf nefnda	27
6.1.1 Forvarnanefnd	27
6.1.2 Fræðslunefnd	27
6.2 Samskiptaleiðir foreldra við skólann	20
6.3 Þarfagreining á samstarfi heimila og skóla	32
6.4 Um fundarsköp stjórnar foreldraráðs	33
6.5 Fundargerð.....	23

Almennt um samstarf heimila og skóla

Samkvæmt nýjum lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 skal starfa foreldraráð við hvern framhaldsskóla. Heimili og skóli - landssamtök foreldra fagna tilkomu foreldraráða í framhaldsskólum og því að þau eru nú lögboðin skylda. Reynsla undanfarinna ára sýnir ótvíræða þörf fyrir aukið samstarf skólanna og forráðamanna ólögráða nemenda. Mikilvægt er að formgera þetta samstarf og efla enn frekar með hagsmuni nemenda að leiðarljósi. Sjálfræðisaldur var hækkaður í 18 ár árið 1997 og í kjölfarið ber framhaldsskólum að miðla upplýsingum til foreldra nemenda yngri en 18 ára. Samtökin vilja hér nota tækifærið til að þakka menntamálaráðuneytinu fyrir samstarfið við endurskoðun laganna og að tekið var tillit til margra af athugasemdum samtakanna.

Í grunnskólunum hafa foreldraráð fest sig í sessi og foreldrum hefur tekist að sýna skólastjórnendum og starfsfólki grunnskóla fram á hve mikils virði aðkoma þeirra að skólanum getur verið og hve mikið bakland þeir eru fyrir skólann. Foreldrafélög í grunnskólum hafa einnig gegnt margvíslegu hlutverki. Stórum hópi foreldra finnst gott samstarf og öflugt upplýsingaflæði milli heimila og grunnskóla sjálfsagður hlutur. Þessi hópur hefur vanist því að hafa aðkomu að skólastarfinu með foreldraráðum og foreldrafélögum. Segja má að foreldrastarf í grunnskólum hafi vísað veginn en rannsóknir hafa leitt í ljós að öflugt foreldrastarf í grunnskólum er forsenda foreldrastarfs í framhaldsskólum (Epstein, 1995). Með nýjum framhaldsskólalögum eru skilaboðin þau að foreldrar fái svipaða þjónustu og stöðu innan framhaldsskólanna. Foreldrum hefur þannig tekist að sýna fram á hve mikil auðlind þeir eru.

Foreldraráð í framhaldsskólum eru nú lögbundin samkvæmt 50. gr. laga nr. 92/2008. Við hvern framhaldsskóla skal starfa foreldraráð. Skólameistari boðar til stofnfundar þess. Hlutverk foreldraráðs er að styðja við skólastarfið, huga að hagsmunamálum nemenda og í samstarfi við skólann efla samstarf foreldra og forráðamanna ólögráða nemenda við skólann. Félagsmenn eru foreldrar nemenda við skólann. Kjósa skal í stjórn ráðsins á aðalfundi þess. Foreldraráð tilnefnir einn áheyrnarfulltrúa í skólanefnd og setur sér starfsreglur. Í frumvarpi til laga um framhaldsskóla segir um 50. gr.:

Foreldraráð eru talin mikilvægur tengill milli skólans og forráðamanna ólögráða nemenda. Dæmi um markmið slíks ráðs eru:

Að vera samráðs- og samstarfsvettvangur foreldra/forráðamanna.

Að stuðla að aukinni vitund foreldra/forráðamanna um forsjárskyldur sínar og þekkingu þeirra á réttindum og skyldum sínum og barna þeirra.

Að vera bakhjarl skólans og auka áhrif foreldra/forráðamanna sem hagsmunahóps um bættan hag og stöðu skólans.

Að hvetja til aukins stuðnings, aðhalds og hvatningar foreldra/forráðamanna við börn sín og nám þeirra.

Að koma á og tryggja öflugt og gott samstarf foreldra/forráðamanna, nemenda og starfsfólks skólans.

Í öllu falli er ljóst að með þeim breytingum sem orðnar eru á þjónustu og starfsumhverfi framhaldsskóla þá eru sterk rök fyrir því að slík ráð séu stofnuð. Áðurnefnd breyting á sjálfræðisaldri er hér augljós hluti umræðunnar. Þrýstingur hefur verið á formlegt samstarf en hér með er slíkt ráð lögbundið og því ekki einungis lagt í hendur áhugasamra forráðamanna.

Það er viðurkennt að til mikils er að vinna með því að efla samstarf heimilis og skóla samkvæmt rannsóknarniðurstöðum. Sýnt hefur verið fram á með rannsóknum að samstarf foreldra og skóla hefur jákvæð áhrif á skólastarf. Áhugi foreldra á námsgengi nemenda sinna, auk stuðnings frá þeim, skilar sér meðal annars í betri líðan nemenda sem og bættum námsárangri (Bloom, 1986; Epstein, 1995). Íslensk rannsókn sýndi meðal annars að nemendur, kennarar og foreldrar í framhaldsskólum telja mikilvægt að auka samstarfið (Elín Thorarensen, 1998).

Mikilvægt er að samstarfið byggist á gagnkvæmri virðingu, trausti, samábyrgð og gagnkvæmu upplýsingaflæði. Eðlilegt er að samskiptin einkennist af ákveðinni verkaskiptingu þar sem samkomulag er um verkefni og skyldur foreldra, nemenda og kennara. Flóknari þættir eins og vald, traust og ábyrgð tengjast þessum samskiptum og koma meðal annars fram í því hvort foreldrum er treyst til að annast ákveðna þætti menntunar eða gefst kostur á að hafa áhrif á skólastarfið.

Fræðimenn hafa bent á að hver skóli þurfi að móta samstarf sem henti umhverfi hans þannig að það mæti þörfum nemenda skólans, áhuga þeirra, getu og aldri. Þeir telja að þrátt fyrir að sérkenni skóla séu til staðar á öllum skólastigum séu ákveðnir sameiginlegir þættir. Fræðikonan *Joyce L. Epstein* (1995) telur að þessir sameiginlegu þættir séu sex talsins og að hver þeirra feli í sér margar ólíkar gerðir samskipta og viðfangsefna sem skólinn þarf að

leysa til að ná að virkja alla foreldra. Hver þáttur hefur einnig mismunandi áhrif á nemendur, foreldra, kennara og andrúmsloft skóla. Flokkarnir eru samkvæmt Epstein:

Uppeldi - Að skólinn fylgist með líkamlegum og andlegum þörfum nemenda, félagslegri hæfni, aga, sjálfsmati, öryggiskennd, sem og að barnið fái næringaríkt fæði og nægan svefn. Skólinn hefur það hlutverk að fræða foreldra um þarfir barna og mikilvægt er að samstaða ríki milli skólans og foreldrahópsins um megingildi þessara atriða.

Samskipti – Felst í gagnkvæmri upplýsingamiðlun milli heimila og skóla. Skólinn þarf að huga að leiðum til þess að virkja alla foreldra til þátttöku á foreldrafundum og öðrum skólatengdum atburðum. Mikilvægt er að nýta fjölbreyttar aðferðir til að miðla upplýsingum og gæta þess að skilaboðin séu auðlesin og vönduð auk þess að koma á opnu tvíhliða samskiptaferli milli skóla og heimila. Gera þarf foreldrum kleift og hvetja þá til að miðla til skólans mikilvægum bakgrunnsupplýsingum um nemandann sem og upplýsingum um breyttar aðstæður nemenda eða áföll sem hann verður fyrir – t.d. andlát í fjölskyldu.

Sjálfböðastarf - Felst einkum í að fá foreldra til starfa sem sjálfböðaliða. Gera þarf sveigjanlega dagskrá fyrir sjálfböðaliða þannig að útvinningi foreldrar geti einnig tekið þátt. Foreldrar geta verið virkir á margvíslegan hátt, t.d. tekið þátt í bekkjarferðum, skólaskemmtunum, aðstoðað inni í bekk, kynnt störf sín eða áhugamál og þannig miðlað af sinni sérfræðipækkingu og reynslu.

Heimavinna - Felst í að skipuleggja reglulega heimavinnu sem ræða á heima, samstillta fjölskyldutengda heimavinnu milli mismunandi kennara og fá foreldra og nemendur til að taka þátt í mikilvægum ákvörðunum er tengjast breytingum á námsefni. Einnig á skólinn að fræða foreldra um mikilvægi heimanáms, aðferðir til að aðstoða börn sín við heimanám og námstækni.

Ákvarðanataka – Að fá fulltrúa foreldra og nemenda til að vera þátttakendur í ákvarðanatöku og þjálfa foreldra í að miðla upplýsingum til annarra foreldra. Skólinn/foreldrafélagið getur boðið foreldrum upp á ýmis námskeið sem styrkja foreldra og örva til þess að taka þátt í starfi foreldrafélags eða foreldraráðs.

Samvinna við samfélagið – Mikilvægt er að tengja skólann ýmsum félaga- og æskulýðssamtökum, stofnunum og fyrirtækjum í nærsamfélaginu. Nemendur þurfa að kynnast framboði á tólstundastarfi, þjónustustofnunum og fyrirtækjum meðal annars til að fá betri skilning á því samfélagi sem þeir búa í. Einnig þarf samfélagið að vera meðvitað um það starf sem á sér stað innan skólans því eins og máltækið segir: „Það þarf heilt þorp til að

ala upp barn”. Skólinn þarf þess utan að upplýsa fjölskyldur um námskeið og þjónustu sem eru í boði og geta nýst nemendum sem og foreldrum, ganga úr skugga um að allir hafi jafnan aðgang að þjónustu og samþætta barna- og fjölskylduþjónustu við menntun.

Ef við horfum til ofangreindrar skilgreiningar Epstein (1995) þá gæti hlutverk samtaka foreldra í framhaldsskólum verið eitthvað á þessa leið:

Foreldrahlutverk

Efla og auðvelda gagnkvæmt upplýsingaflæði sem stuðlar að auknum skilningi allra aðila. Skipuleggja fræðslu fyrir foreldra um þætti er snerta líf unglunga á þessum aldri, t.d. forvarna- og vímuefnafræðslu, leiðsögn um uppeldishlutverk foreldra unglunga o.fl.

Samskipti

Í framhaldsskólum geta samtök foreldra stuðlað að auknu samstarfi heimila og skóla m.a. með því að hvetja til öflugs upplýsingaflæðis t.d. með heimasíðu, fréttablaði, tölvupósti, aðgangi foreldra að Innu, viðtölum við umsjónarkennara, og hvatningu til nemenda eldri en 18 ára að skrifa undir viljayfirlýsingu um samstarf.

Heimavinna

Hvetja skólana til að miðla betur upplýsingum um þær kröfur sem gerðar eru til nemenda. Kynna foreldrum aðferðir til að fylgjast með heimavinnu, sem og náms- og próftækni. Foreldrar eiga ekki að kenna námsefnið heldur hvetja, hlusta, hrósa, leiðbeina og ræða heimaverkefni. Einnig þarf að styðja foreldra í því hlutverki að hvetja nemendur til að vera sjálfstæða í námi sínu og taka ábyrgð á því sem þeir taka sér fyrir hendur.

Ákvarðanataka

Foreldrar eiga að hafa formlegt/reglulegt samstarf við skólastjórnendur, kennara, forvarnafulltrúa og nemendaráð. Foreldrar tilnefna áheyrnarfulltrúa í skólanefnd eins og lög um framhaldsskóla kveða á um. Með því móti geta foreldrar fylgst með því sem er á döfinni hverju sinni og líkur aukast á því að sá kraftur sem býr í foreldrum verði virkjaður til hagsbóta fyrir nemendur og skóla.

Samvinna við samfélagið

Fá samfélagið til að taka í auknum mæli þátt í að bera ábyrgð á menntun ungs fólks og framtíðarvelgengi þess. Til dæmis með því að efla sálfræði- og heilsugæsluþjónustu í framhaldsskólum og fá atvinnulífið til að kosta ýmis tækjakaup eða styðja við skólastarfið á annan hátt.

Við skipulag samstarfs þarf að hafa í huga hver markmiðin eru, taka þarf tillit til aðstæðna í hverjum skóla fyrir sig og minnst þess að aðalatriðin eru nemendur, líðan þeirra og árangur í námi. Mikilvægt er að allir sem hlut eiga að máli bretti upp ermar og sameinist um að tryggja foreldrasamstarfi í framhaldsskólum skipulagðan sess.

Er það von mín að handbók þessi nýtist foreldraráðum, foreldrafélögum og skólastjórnendum við að skipuleggja og efla samstarf heimilis og framhaldsskóla. Mikilvægt er að allir sem að skólasamfélaginu koma leggi sitt af mörkum þannig að öllum nemendum líði vel í skólanum. Hér hefur verið stuðst við handbók foreldrafélaga og foreldraráða í grunnskóla sem Heimili og skóli gáfu út árið 2007.

Reykjavík, nóvember 2009.

Björk Einisdóttir, framkvæmdastjóri Heimilis og skóla

Heimildir:

Bloom, B.S. 1986. The home environment and school learning. The Study Group on the National Assessment of Student Achievement. *The nation's report card*.

Epstein, J.L. 1995. *School, Family and Community Partnerships. A Handbook for Action*. California. Corwin Press, Inc.

Elín Thorarensen. 1998. *Samstarf heimila og framhaldsskóla: Umfang og viðhorf nemenda, foreldra og kennara*. Uppeldi og menntun – Tímarit Kennaraháskóla Íslands, 7, 23-36.

Sjá nánar um sex flokka foreldrasamstarfs á: <http://www.csos.jhu.edu/p2000/default.htm>

Inngangur

Handbók þessi er hugsuð til þess að auðvelda stjórnarmönnum foreldraráðs störfina og auka aðgengi foreldra, skólastjórnenda og fræðslufirvalda að upplýsingum um starfsemi þeirra. Hægt er að nálgast handbókina hjá foreldraráði, foreldrafélagi eða hjá Heimili og skóla – landssamtökum foreldra.

1.1 Markmið

- Að efla starf foreldraráðs framhaldsskóla
- Að auðvelda störf stjórnarfólks og tryggja samfellu í starfinu
- Gera starf foreldraráðs sýnilegra í skólasamfélaginu

1.2 Leiðir

Foreldraráð setur stefnumörkun sína fram í handbók sem þessari þar sem fram koma upplýsingar um starfshætti, skipulag, markmið og leiðir.

Markhópar: Foreldrar, foreldrasamtök, framhaldsskólar, bæjaryfirvöld og fjölmiðlar.



Heimili og skóli – landssamtök foreldra eiga höfundarétt að þessari handbók.


Foreldraráð og foreldrafélög hafi leyfi til að nota hana og aðlaga að sínum þörfum.



Reykjavík 2009

2 Markmið og skipulag foreldraráðs framhaldsskóla

Félagar teljast allir forráðamenn nemenda skólans.



Myndræn tengsl foreldraráðs við skóla, og skólanefnd

2.1 Almenn markmið

Vera samstarfsvettvangur foreldra, efla og tryggja gott samstarf heimila og skólans, vinna að velferð nemenda, koma á framfæri sjónarmiðum foreldra um skóla- og uppeldismál og standa vörð um réttindi barna til mennta og aukins þroska eins og kemur fram í 2. gr. laga félagsins. Hvernig foreldraráð ná fram markmiðum sínum er nánar lýst í handbók þessari.

2.2 Almennt um stjórn

Stjórn foreldraráðs skipa sjö foreldrar/forráðamenn, þar af einn sem hefur einnig verið tilnefndur af foreldraráði sem áheyrnarfulltrúi í skólanefnd. Stjórnarkjör fer fram á aðalfundi sem haldinn er í byrjun skólaárs ár hvert og er boðað til samkvæmt lögum félagsins. Fráfarandi formaður skal boða til fyrsta stjórnarskiptafundar eigi síðar en tveimur vikum frá aðalfundi. Á fundinn mæta nýir stjórnarmenn sem og þeir sem ganga úr stjórn. Á stjórnarskiptafundi afhendir fráfarandi formaður nýrri stjórn gögn félagsins. Nýkjörin stjórn skiptir með sér verkum á fundinum og tilkynnir í kjölfarið skólayfirvöldum og öðrum samstarfsaðilum um þær breytingar sem orðið hafa á stjórn.

2.3 Lög foreldraráðs skólans

1. grein Ráðið heitir Foreldraráðskóla. Félagar eru allir forráðamenn nemenda skólans.
2. grein Markmið foreldraráðsins eru að:
 - vera samstarfsvettvangur foreldra sem eiga börn í skólanum
 - efla og tryggja gott samstarf foreldra og starfsfólks skólans
 - styðja heimili og skóla við að skapa nemendum góð uppeldis- og menntunarskilyrði
 - koma á framfæri sjónarmiðum foreldra varðandi skóla- og uppeldismál
 - standa vörð um réttindi nemenda til mennta og aukins þroska
3. grein Tilgangi sínum hyggst félagið ná m.a. með því að:
 - koma á umræðu- og fræðslufundum um uppeldis- og skólamál
 - standa að upplýsingamiðlun til foreldra m.a. með útgáfu fréttabréfs og halda úti heimasíðu foreldraráðs þar sem birtar eru fundargerðir og annað er viðvíkur starfsemi þess

- veita skólayfirvöldum lið svo að aðstæður til náms- og félagslegra starfa verði sem bestar
- styðja og efla hverja þá starfsemi, sem stuðlar að auknum þroska og menningu skólans
- taka þátt í samstarfi við önnur foreldraráð, foreldrafélög grunnskóla og landssamtök foreldra

4. grein Stjórn ráðsins skipa sjö foreldrar/forráðamenn. Stjórn skal kjörin á aðalfundi til tveggja ára í senn, þrír stjórnarmenn annað árið og fjórir hitt árið. Formaður skal kosinn sérstaklega að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum. Auk formanns skal stjórnin skipuð varaformanni, ritara, gjaldkera og þremur meðstjórnendum. Aldrei skulu fleiri en fjórir ganga úr stjórn í einu.

5. grein Foreldraráðið tilnefnir til eins árs í senn fulltrúa úr stjórn sem fulltrúa foreldra í skólanefnd og varamann hans. Fulltrúi í skólanefnd skal sjá um að miðla upplýsingum um störf skólanefndar til foreldraráðs. Foreldraráð er bakland fulltrúa í skólanefnd. Æskilegt er að þessi fulltrúi sé ekki jafnframt formaður ráðsins til að dreifa ábyrgð.

6. grein Aðalfundur skal haldinn í lok ágúst ár hvert. Stjórnin boðar til fundarins með minnst viku fyrirvara. Aðalfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað. Í fundarboði skal kynna efni fundarins.

Verkefni aðalfundar:

- Kosning fundarstjóra og fundarritara
- Skýrsla stjórnar
- Skýrslur nefnda
- Lagabreytingar
- Reikningar lagðir fram til samþykktar
- Kosning formanns foreldraráðs og annarra stjórnarmanna
- Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga

- Skýrsla foreldraráðs
 - Önnur mál
7. grein Stjórn foreldraráðsins getur skipað nefndir um afmörkuð verkefni. Stjórnin ber ábyrgð á störfum nefnda og setur þeim erindisbréf.
8. grein Stjórn skal ekki sinna ágreiningsmálum eða hafa afskipti af vandamálum er upp kunna að koma á milli einstakra foreldra og starfsmanna skólans.
9. grein Stjórn foreldraráðsins er heimilt að óska eftir því að foreldrar greiði framlag til ráðsins. Þetta framlag er innheimt árlega og ákveðið á aðalfundi.
10. grein Ákvörðun um slit foreldraráðsins verður tekin með einföldum meirihluta á stjórnarfundum og renna þá eignir þess til skólans.
11. grein Lögum þessum má breyta með einföldum meirihluta á aðalfundi, enda sé lagabreytinga getið í fundarboði.

2.4 Starfsreglur og verksvið

Foreldraráð fundar einu sinni í mánuði og fær til þess aðstöðu í skólanum. Formaður hefur lykil að skólanum og boðar til fundanna með tölvupósti. Í fundarboði er sett fram dagskrá fundarins. Ritari ritar fundargerðir sem hann sendir fundarmönnum á tölvutæku formi fljótlega eftir fund. Fundargerðin er send til skólastjóra og sett á heimasíðu skólans ef engar athugasemdir berast innan fimm daga frá því að hún er send út. Ýmis gögn félagsins eru í vörslu formanns foreldraráðs og eru geymd í skáp viðkomandi í skólanum.

Verksvið foreldraráðs

Formaður:

- Hefur umsjón með tengslum við skólastjórnendur
- Hefur umsjón með tengslum við nemendaráð
- Hefur umsjón með tengslum við aðila utan skólans

- Boðar stjórnarfundum með dagskrá og stýrir þeim
- Hefur yfirsýn yfir starfsemi foreldraráðsins og heldur utan um gögn sem fylgja starfinu
- Sér til þess að starfsáætlun sé fylgt eftir
- Vinnur að ársskýrslu ásamt ritara og gerir grein fyrir henni á aðalfundi foreldraráðsins
- Vinnur að öðrum aðkallandi verkefnum

Varaformaður:

- Er staðgengill formanns
- Hefur yfirumsjón með tengslum við nefndir sem starfa á vegum foreldraráðsins
- Sér um tengsl við nemendafélagið, námsráðgjafa og forvarnafulltrúa skólans.
- Er fulltrúi foreldra við undirbúning og skipulag skemmtanahalds og ferðalaga á vegum skólans
- Vinnur að aðkallandi verkefnum

Ritari

- Ritari fundargerðir á fundum foreldraráðsins sendir til foreldraráðs og skólastjóra og ber ábyrgð á að samþykktar fundargerðir séu birtar á vef skólans
- Ber ábyrgð á vef foreldraráðsins sem er vistaður á heimasíðu skólans
- Á sæti í vefráði skólans (vefráð er ritsjórn fyrir vef skólans), ef við á
- Ber ábyrgð á fréttabréfi foreldraráðs
- Miðlar upplýsingum til foreldra, nemenda, kennara og samfélagsins í samstarfi við stjórn, skrifar fréttir og tilkynningar inn á vef ráðsins og í fréttabréf
- Uppfærir handbók. Tilkynnir breytingar á stjórn foreldraráðsins til skólans og Heimilis og skóla – landsamtaka foreldra

- Vinnur að ársskýrslu ásamt formanni

Gjaldkeri:

- Sér um fjárreiður félagsins
- Heldur utan um innheimtu félagsgjalda ef það á við
- Á sæti í einni eða fleiri nefndum sem starfa á vegum foreldraráðsins og sér um að koma upplýsingum um starfsemi nefnda til stjórnar
- Vinnur að aðkallandi verkefnum

Meðstjórnandi:

- Á sæti í einni eða fleiri nefndum sem starfa á vegum foreldraráðsins og sér um að koma upplýsingum um starfsemi nefnda til stjórnar
- Aðstoðar við skipulag ferða og skemmtana á vegum skólans.
- Vinnur að aðkallandi verkefnum

Meðstjórnandi:

- Á sæti í einni eða fleiri nefndum sem starfa á vegum foreldraráðsins og sér um að koma upplýsingum um starfsemi nefnda til stjórnar
- Kemur meðal annars að skipulagi kynningarfundar fyrir nýja nemendur og foreldra þeirra
- Vinnur að aðkallandi verkefnum

Meðstjórnandi:

- Á sæti í einni eða fleiri nefndum sem starfa á vegum foreldraráðsins og sér um að koma upplýsingum um starfsemi nefnda til stjórnar
- Kemur meðal annars að skipulagi forvarnastarfs og kynningarfunda fyrir foreldra nemenda í skólanum

- Vinnur að aðkallandi verkefnum

2.5 Markmið foreldraráðs skólaárið 2009-2010

- Eiga gott og uppbyggilegt samstarf við skólameistara og aðra starfsmenn skólans.
- Gera starfsáætlun um starf vetrarins, kynna hana og fylgja henni eftir.
- Að skrifa um starf foreldraráðsins rafrænt fréttabréf sem komi út a.m.k. fjórum sinnum á ári og á heimasíðu skólans.
- Að uppfæra handbók ráðsins og tilkynna breytingar á stjórn.
- Að allir félagsmenn hafi gott aðgengi að foreldraráðinu og starfsemi þess í gegnum heimasíðu skólans og birta þar reglulega fréttir frá ráðinu sem og fundargerðir.
- Að bjóða foreldra nýrra nemenda velkomna til starfa í foreldraráðinu í samstarfi við skólameistara og huga sérstaklega að foreldrum nýrra Íslendinga.

2.6 Nefndir á vegum foreldraráðs

Samkvæmt 7. grein laga foreldraráðsins getur stjórnin skipað nefndir um afmörkuð verkefni. Stjórnin (foreldraráðið) ber ábyrgð á störfum nefnda og setur þeim erindisbréf*.

Strax að hausti skal foreldraráðið ákveða og kynna hvaða nefndir verða starfræktar en það getur verið misjafnt milli ára. Auglýsa skal eftir fólki í nefndir á heimasíðu og í fréttabréfi sem og á aðalfundi foreldraráðs.

Í vetur munu eftirfarandi nefndir verða starfræktar á vegum foreldrafélagsins:

- Forvarnanefnd
- Fræðslunefnd (fræðslufundir fyrir foreldra)
- *Sjá dæmi um erindisbréf fyrir nefndir í viðauka.*

2.7 Fjármál

Samkvæmt 10 gr. laga foreldraráðs er heimilt að óska eftir árlegum framlögum til ráðsins. Upphæð félagsgjalda er ákveðin á aðalfundi. Gjaldkeri sér um að innheimta félagsgjöld.

Ársreikningar foreldraráðs eru lagðir fram á aðalfundi á hverju vori. Þeir skulu einnig vistaðir á heimasíðu foreldraráðs skólans.

2.8 Samráðsfundir innan skólans

Fastir fundir **foreldraráðs** eru annan miðvikudag í hverjum mánuði skólaársins. Stjórn foreldraráðsins heldur fund með **skólameisturum** a.m.k. tvisvar á hverju skólaári, á haustönn og vorönn. Fundartími er ákveðinn í samráði við skólameistara strax að hausti.

Foreldraráðið heldur fund með **forvarnafulltrúa og náms- og starfsráðgjafa** skólans tvisvar á hverju skólaári, á haustönn og vorönn. Fundartími er ákveðinn í samráði við viðkomandi.

Foreldraráðið heldur samráðsfund með **skólameisturum og nemendafélagi**, einn á haustönn og einn á vorönn. Fundartími er ákveðinn í samráði við viðkomandi aðila.

3 Fræðsla og kynningar

Foreldraráðið styður starfsemi Heimilis og skóla – landssamtaka foreldra og er aðili að samtökunum. Á skrifstofu Heimilis og skóla er að finna ýmis gögn um lög og skýrslur um menntamál, stjórn og rekstur foreldraráða og foreldrafélaga, auk bæklinga og annarra gagna á íslensku svo og ýmis norræn tímarit, bækur og myndbönd þar sem fá má margvíslegar hugmyndir til notkunar í foreldrastarfi. Einnig fást þar bæklingar fyrir foreldra um mál er tengjast uppeldi og námi, s.s. um örugga netnotkun (SAFT) og heimanám. Á heimasíðum samtakanna www.heimilioskoli.is og www.saft.is má einnig nálgast ýmis gögn og þar eru einnig birtar reglulega fréttir og greinar um skóla- og uppeldismál og netöryggi. Þar er einnig að finna greinar og upplýsingar um samstarf heimila og framhaldsskóla. Að auki gefa samtökin út tímarit einu sinni á ári og vef tímarit einu sinni í mánuði.

3.1 Kynning fyrir stjórnarfólk

Nýtt stjórnarfólk fær kynningu á starfi foreldraráðsins og handbókinni á stjórnarskiptafundi. Fráfarandi formaður sér um þá kynningu.

Stjórnarfólk er hvatt til að sækja ráðstefnur og fundi um skólamál sem og að afla sér upplýsinga hjá fyrrum stjórnarfólki og hjá Heimili og skóla.

3.2 Kynning fyrir foreldra

Á kynningarfundum að hausti fær foreldraráðið tíma til þess að ræða við foreldra. Á fundinum er umræða um viðmið og reglur sem foreldrar vilja að séu í hávegum hafðar. Æskilegt er að umsjónarkennari, náms- og starfsráðgjafi og forvarnafulltrúi sé foreldrum innan handar í þessari umræðu.

3.3. Fræðsla og forvarnir

Haldnir eru minnst tveir fyrirlestrar á hverju skólaári, að hausti og að vori og eru tilkynningar um þá sendar til foreldra allra nemenda skólans. Fræðslufundirnir eru opnir öllum bæjarbúum eða íbúum í nágrenni skólans og eru þeir auglýstir í framhaldsskólanum og

þegar við á t.d. í grunnskólum, leikskólum, bæjar- eða hverfisblöðum og íþróttahúsum. Höfð er samvinna við stjórnendur, náms- og starfsráðgjafa og forvarnafulltrúa um fræðslufyrirlestra fyrir foreldra.

Foreldraráðið kemur að gerð forvarnaáætlunar skólans sem birt er á vef skólans og er einnig þátttakandi í forvarnarverkefni skólans gegn einelti sem æskilegt er að skólinn stýri og sé sýnilegt á heimasíðu skólans. Eineltisáætlun skólans á að vinna gegn einelti innan og utan skólans og efla vitund og skilning nemenda, foreldra og starfsfólks skólans á einelti.

3.4. Félagsstarf

Foreldraráðið styður með beinum eða óbeinum hætti félagsstarf innan skólans sé þess óskað.

4 Kynningamál

4.1 Fundargerðir

Ritari ritar fundargerðir sem hann sendir stjórnarmönnum á tölvutæku formi fljótlega eftir fund. Fundargerðin er send til skólastjóra og sett inn á heimasíðu skólans ef engar athugasemdir berast innan fimm daga frá því að hún er send út. (Sjá nánari umfjöllun um fundargerðir í viðauka).

4.2 Heimasíða

Vefur foreldraráðs er vistaður á heimasíðu skólans. Ritari sér um vefinn. Á vefnum birtast fréttir og tilkynningar frá foreldraráðinu. Heimasíðan geymir einnig upplýsingar um stjórn foreldraráðs, nefndir, lög foreldraráðs og starfsáætlun. Að loknum aðalfundi skal setja á vefinn nýjustu upplýsingar um stjórn. Einnig geta foreldrar skráð sig á póstlista og fengið þannig upplýsingar um nýtt efni hverju sinni.

4.3 Starfsáætlun

Á stjórnarskiptafundi í september eru lögð fram drög að starfsáætlun næsta vetrar og skal hún endanlega samþykkt í október. Í starfsáætlun koma fram fundir á skólaárinu sem og tímasetningar á helstu viðburðum vetrarins. Eru drögin kynnt á kynningarfundum með foreldrum í september og endanleg áætlun birt á heimasíðu skólans.

Starfsáætlun Foreldraráðs veturinn 2009-2010

Ágústlok

Stjórnarfundur. Aðalfundur undirbúinn.

Aðalfundur - Skýrsla stjórnar og nefnda. Kosning í stjórn.

September

Stjórnarskiptafundur - Fyrsti fundur nýkjörinnar stjórnar ásamt fráfarandi stjórnarmönnum. Á fundinum er starfsemi félagsins kynnt fyrir nýjum stjórnarmönnum og afhent gögn um skipulagið. Stjórnin skiptir með sér verkum. Drög að starfsáætlun næsta vetrar er lögð fram. Tilkynningu um breytingu á stjórn komið til skólastjóra og Heimilis og skóla - landssamtaka foreldra.

September

Stjórnarfundur. Haldinn áður en kynningarfundur fyrir foreldra nýnema er haldinn. Formaður sér um að boða til fundarins með dagskrá. Fundartímar næsta vetrar eru ákveðnir en foreldraráðið fundar reglulega einu sinni í mánuði. Gengið er frá starfsáætlun og fundartímum vegna sameiginlegra funda eftir því sem kostur er. Skólastjóra boðið á fundinn, kynningarfundur og vetrarstarfið rætt. Umsjónarmaður félagsstarfs skólans og fulltrúi nemendafélagsins mæta einnig á fundinn og kynna starfsemina á haustönn. Gengið er frá skipulagi varðandi aðkomu foreldra að skemmtanahaldi fyrir nemendur (busavígsla, dansleikir, ferðalög).

September

Fundur með foreldrum nýnema. Skólastjóri boðar alla foreldra nýnema á fund þar sem skólinn er kynntur. Á þessum fundi fer fram kynning á starfsemi foreldraráðsins og auglýst er eftir fólki í nefndir. Einnig er auglýst eftir fólki í nefndir á vef skólans, í tölvupósti og fréttabréfi.

Október

Stjórnarfundur. Fyrsti fræðslufundurinn undirbúinn. Fulltrúar nefnda sem starfa á vegum foreldraráðs mæta á fundinn og þeim kynnt starfsvið nefnda og erindisbréf.

Nóvember

Samráðsfundur með skólastjórnendum, kennararáði, nemendafélagi, forvarnafulltrúa og námsráðgjafa.

Fræðslufundur fyrir foreldra

Desember

Stjórnarfundur.

Janúar

Stjórnarfundur. Skólastjóra boðið á fundinn og skólastarf á vorönn rætt. Umsjónarmaður félagsstarfs og fulltrúi frá nemendafélagi mætir á fundinn og kynnur starfsemina á vorönn.

Febrúar

Stjórnarfundur.

Samráðsfundur með skólastjórnendum, kennararáði, nemendafélagi, náms-og starfsráðgjafa og forvarnafulltrúa.

Mars

Stjórnarfundur. Fræðslufundur undirbúinn

Apríl

Fræðslufundur fyrir foreldra

Stjórnarfundur – Farið yfir breytingar sem verða á stjórn. Í kjölfarið er auglýst eftir fólki í stjórn á vef skólans og í tölvupósti. Ef enginn býður sig fram skal leita beint til aðila sem taldir eru áhugasamir og virkir. Tryggt skal að á aðalfundi verði búið að finna fólk sem er tilbúið til að gefa kost á sér og það kynnt fyrir foreldrum í fundarboði. Farið yfir starf vetrarins, hugmyndum safnað saman – hvernig hefur gengið, hvað má betur fara?

Mái

Stjórnarfundur. Aðalfundur sem haldinn verður í upphafi næsta skólaárs undirbúinn. Farið yfir starfsemi vetrarins, byrjað að vinna skýrslu stjórnar.

4.4 Tengsl við fjölmiðla

Stjórn foreldraráðsins mun beita sér fyrir jákvæðri umfjöllun um skólastarfið í fjölmiðlum. Ritari sér um að koma upplýsingum um skólastarfið til fjölmiðla.

5 Upplýsingar um símanúmer og netföng

Foreldraráð skólans 2009-2010 foreldrarad@framhaldsskoli.is

Jóna Jónsdóttir	formaður	555 5555/ 836 9696	jona@island.is
Jón Jónsson	Varaformaður	555 5556/ 836 9697	jon@island.is
Guðmundur Hjörvar	ritari	555 5599/888 9988	hjorvar@island.is
Stefán Jónsson	gjaldkeri	555 7557/878 9999	stef@island.is
	meðstjórnandi		
	meðstjórnandi		
	meðstjórnandi		

6 Viðaukar

6.1 Erindisbréf nefnda

Hér eru dæmi um erindisbréf tveggja nefnda er starfa á vegum foreldraráðsins. Önnur þeirra starfar allan veturinn og sinnir mörgum verkefnum er falla undir hennar verksvið en hin nefndin kemur að einu ákveðnu verkefni. Nefndir geta verið margvíslegar og þarf foreldraráðið að huga að því árlega hvaða nefndir eiga að starfa en fjöldi nefnda getur verið mismunandi milli ára.

6.1.1 Forvarnanefnd

Markmið forvarnanefndar er að stuðla að umræðu um forvarnamál í skólanum og miðla upplýsingum til foreldra um mikilvægi forvarna og um það forvarnastarf sem unnið er í skólanum.

Nefndin skal skipuð að minnst kosti fjórum fulltrúum foreldra.

Nefndin fundar að lágmarki tvisvar á önn og oftár ef þurfa þykir. Í upphafi haustannar fundar nefndin með stjórn foreldraráðsins. Nefndin starfar í nánú samstarfi við foreldraráð skólans, skólastjórnendur, náms-og starfsráðgjafa, forvarnafulltrúa og nemendafélagið. Nefndin fylgist með skipulagi félagsstarfsins í skólanum.

Nefndin skipar formann sem heldur utan um starfið og boðar fundi. Formaður gerir grein fyrir störfum nefndarinnar á aðalfundi foreldraráðsins og skilar ársskýrslu til ritara foreldrafélagsins.

6.1.2 Fræðslunefnd

Markmið fræðslunefndar er að standa fyrir og skipuleggja fræðslufundi fyrir foreldra.

Nefndin skal skipuð átta foreldrum, tveimur úr hverjum árgangi.

Nefndin skal skipuð að hausti, skipuleggja tvo til þrjá fræðslufundi yfir veturinn og gera áætlun um umræðuefni og tímasetningu fundanna. Það er líka hlutverk nefndarinnar að auglýsa fundina fyrir foreldrum og í nærsamfélaginu.

Nefndin starfar í nánu samstarfi við foreldraráðið og skólastjórnendur og fundar með þeim eins oft og þurfa þykir. Foreldraráðið er nefndarmönnum innan handar við að koma með hugmyndir að fyrirlestrum og útvega fyrirlesara.

Foreldraráð í samráði við skólann stendur undir kostnaði við fræðslufundi.

Fundarboð

Aðalfundur Foreldraráðs skólans verður haldinn

Fimmtudaginn 23. ágúst 2010 kl. 20:00

á sal skólans

Fundarstjóri: Friðfinnur Jónatansson

Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf

I. Foreldraráð

1. Skýrsla foreldraráðs
2. Reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar
3. Félagsgjöld ákveðin
4. Stjórnarkjör

Stjórnarmenn sem sitja áfram:

Eftirfarandi hafa gefið kost á sér:

1. Önnur mál

II. Fyrirlestur: Netöryggi barna - SAFT

Verkefnastjóri hjá Heimili og skóla fjallar um netöryggi og hvað foreldrar geta gert til að auka öryggi barna sinna í samskiptum við netið og aðra nýlega miðla.

Forráðamenn látið þennan fyrirlestur ekki framhjá ykkur fara!

Kaffi og meðlæti í boði foreldraráðsins

Stjórnin

Velkomin í xxskóla

Kynningarfundur

Fimmtudaginn 9. september 2010 kl. 20-22

Skólastjórnendur og Foreldraráð skólans bjóða forráðamönnum nýrra nemenda á kynningarfund á samkomusal skólans.

Markmið fundarins er að gefa foreldrum innsýn í skólann og hans nánasta umhverfi sem og tækifæri til að kynna hvert öðru og hitta starfsmenn skólans.

Dagskrá:

- ❖ Kynning á námi og félagsstarfi
- ❖ Kaffi og veitingar
- ❖ Kynning fyrir foreldra á starfsemi skólans
- ❖ Kynning á foreldraráði skólans og starfsemi þess

Við vonum að flestir sjái sér fært að koma

Pátttaka tilkynnist á framhaldsskoli@framhaldsskoli.is eða í síma 667 5757

Hlökkum til að sjá ykkur,
Skólastjórnendur og foreldraráð

6.2 Samskiptaleiðir foreldra við skólann

Vita foreldrar í ykkar skóla hvert á að leita!

Foreldrar og forráðamenn geta leitað til aðila innan skólans bæði til að fá upplýsingar sem og til að veita upplýsingar um sitt barn til 18 ára aldurs. Mikilvægt er að foreldrar hafi samband við skólann ef þeir hafa áhyggjur af einhverju varðandi barnið og eins ef foreldri hefur áhuga á að fá upplýsingar eða ræða um eitthvert tiltekið mál.

Gagnkvæm upplýsingamiðlum er nauðsynleg til að traust skapist á milli heimila og skóla. Mikilvægt er að foreldrar láti skóla vita af breyttum högum barns, veikindum í fjölskyldu þess eða hvaðeina sem getur haft áhrif á líðan eða hegðun barnsins. Viti kennari um breyttar aðstæður barns á hann auðveldara með að mæta þörfum þess.

Ef foreldrar eru óánægðir með eitthvað í skólanum er mikilvægt að þeir fari í skólann og ræði málið. Gæta þarf vel að því að óánægja foreldra sé ekki rædd fyrir framan börnin þar sem það getur skapað hjá þeim vanlíðan, óöryggi eða neikvæðni í garð skólans. Einnig er gott að temja sér að hafa regluleg samskipti við umsjónarkennara og ræða meðal annars um það sem vel er gert.


Hvert á að leita?

Best er að byrja á að tala við **umsjónarkennara** eða viðkomandi **faggreinakennara** ef um ákveðna námsgrein er að ræða. Ef foreldrar eru enn ósáttir má ræða við **deildarstjóra** ef slíkur stjórnandi starfar við skólann. Ef málið snýst um líðan barnsins í skólanum eða námsvanda má einnig leita til **námsráðgjafa** ef hann er fyrir hendi.

Ef foreldrar eru ósáttir við hvernig kennari, deildarstjóri eða námsráðgjafi vinnur með málið þá geta foreldrar snúið sér til **aðstoðarskólameistara eða skólameistara**.

Hafi verið leitað allra leiða innan skólans, án þess að niðurstaða hafi fengist að mati foreldra geta þeir leitað til menntamálaráðuneytis.

Samskiptaleiðir:



6.3 Þarfagreining á samstarfi heimila og skóla

Skólar þurfa reglulega að staldra við og setja sér markmið með samstarfi heimila og skóla. Gott er að nota sex samstarfsflokka Epstein sem kynntir voru í upphafi handbókarinnar sem viðmið.

Dæmi um vinnuferli vegna þarfagreiningar:

Sett er á laggirnar **teymi** til að skoða stöðu skólans hvað varðar samstarf við heimilin.

Þátttakendur í teymi: Skólameistarar, deildarstjórar, fulltrúar kennara, formaður foreldraráðs, fulltrúar nemenda.

Þarfagreining – Skilgreina þarfirnar eins og teymið sér þær. Skrá niður markmið samstarfs.

Greining út frá líkani Epstein. Sjá töflu hér neðar. Hver flokkur er metinn og skráð niður hvaða verkefni eru í gangi. Þau verkefni yfirfarin – eru þau að virka? Þarf að laga, breyta eða bæta? Teymið setur einnig niður á blað hugmyndir um fleiri verkefni sem þarf að gera í hverjum flokki til að ná markmiðum skólans um foreldrasamstarf.

Spurningakannanir lagðar fyrir foreldra – nemendur – kennara – annað starfsfólk.

Viðtöl við nokkra kennara, foreldra og nemendur um viðhorf til samstarfs, skilning á mikilvægi samstarfs og hugmyndir um eðli þess.

Skipulagning – Ákveða hvaða þætti þarf að laga, hverju þar að bæta við og setja upp aðgerðaráætlun um hvernig það skal unnið.

Samstarfsflokkar Epstein – Öflugt samstarf tekur tillit til allra sex flokkanna

Flokkur	Verkefni sem eru í gangi	Verkefni sem þarf að gera
1. Hvað er skólinn að gera til að styðja við foreldra í uppeldishlutverki sínu?		
2. Hvað þarf skólinn að gera til að bæta upplýsingaflæði sitt til foreldra? Hvað þarf að gera til að virkja foreldra og auðvelda þeim að miðla upplýsingum til skólans? Hvert er hlutverk umsjónarkennara?		
3. Hvað þarf að gera til að auðvelda öllum foreldrum að taka þátt í skólastarfinu?		

4. Hvaða aðferðir eru notaðar til að hjálpa aðstandendum að styðja við nám barnanna?		
5. Hvernig stuðlar skólinn að þátttöku foreldra í skipulögðu samstarfi við skólann? Hvað er í boði ?		
6. Hvernig hvetur skólinn til samstarfs milli sín, heimila og annarra aðila í nærsamfélaginu?		

6.4 Um fundarsköp stjórnar foreldraráðs

Formaður boðar eða lætur boða til fundar með dagskrá. Í dagskrá skal vísað til gagna um þau fundarefni sem til umfjöllunar eru eftir því sem kostur er. Endanleg dagskrá skal send til fundarmanna í síðasta lagi sólarhring fyrir fund. Hægt er að boða til fundar með styttri fyrirvara með samþykki stjórnarmanna og skal það bókað í upphafi fundar. Óski stjórnarmaður eftir að taka mál á dagskrá skal hann tilkynna formanni það skriflega eða með rafrænum hætti með tillögu eða fyrirspurn eigi síðar en á hádegi tveimur dögum fyrir fund. Heimilt er að taka mál til meðferðar þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver stjórnarmaður óskar þess.

Fundir stjórnar eru að jafnaði haldnir fyrir luktum dyrum og er óheimilt að greina frá ummælum einstakra fundarmanna á fundum. Fundur er lögmætur ef meira en helmingur stjórnarmanna er á fundi. Foreldraráð getur enga bindandi ályktun gert nema fundur sé lögmætur.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema formaður eða foreldraráð ákveði annað. Afl atkvæða ræður úrslitum mála.

Formaður sér um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók og í tölvu og að allar samþykktir séu bókaðar nákvæmlega.

Á næstu síðu má sjá dæmi um skipulag fyrir fundargerð.

6.5 Fundargerð

Fundarstjórn:	Fundarritari:
Mætt:	Dagsetning fundar:
Fundargerð til:	

Dagskrá:
1.
2.
3.
Fundarumræða:

Ákvarðanir/niðurstöður	Ábyrgð	Klára fyrir dags.

Næsti fundur: _____

Dagskrá:
*
*
*

